



# Reglugerð um aðgönguskírteini

breytt 7.5.2020

## 1. grein

### GERÐIR SKÍRTEINA

Körfuknattleikssamband Íslands gefur út aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að körfuknattleiksleikjum. KKÍ ákveður með hvaða hætti skírteinin skulu vera gefin út hverju sinni. KKÍ skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.

- a) Aðgönguskírteini A, sem gildir fyrir tvo á alla leiki.
- b) Aðgönguskírteini B, sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- c) Aðgönguskírteini D, dómarskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- d) Aðgönguskírteini F, fjölmiðlaskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- e) Aðgönguskírteini L, leikmannaskírteini sem gildir eingöngu fyrir einn á alla deildarleiki í efstu deild karla og kvenna.
- f) Aðgönguskírteini L1, leikmannaskírteini sem gildir eingöngu fyrir einn á alla deildarleiki í 1. deild karla og kvenna.

## 2. grein

### RÉTTAFAR SKÍRTEINA

- a) Aðgönguskírteini A skal gefið út til tveggja ára til:
  - a. stjórnar KKÍ,
  - b. fastanefnda KKÍ,
  - c. áfrýjunardómstóls KKÍ,
  - d. starfsmanna KKÍ,
  - e. formanna körfuknattleiksdeilda,
  - f. forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ,
  - g. heiðurskrosshafa og gullmerkishafa KKÍ,
  - h. fyrrverandi formanna KKÍ,
  - i. samstarfsaðila KKÍ,
  - j. landsliðsþjálfara KKÍ og þeirra er hafa fengið gullúr í viðurkenningu fyrir landsleikjafjölda frá KKÍ.
- b) Aðgönguskírteini B skal gefið út til stjórnarmanna og þjálfara félaga í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla og 1. deild kvenna skv. ákvörðun formannafundar.
- c) Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara og eftirlitsdómara skv. ákvörðun dómaranefndar.
- d) Aðgönguskírteini F skal gefið út til þeirra fjölmiðlamanna sem fjalla um íþróttir.
- e) Aðgönguskírteini L skal gefið út til þeirra leikmanna sem spila í efstu deild karla og kvenna og gildir skírteinið eingöngu á venjulega deildarleiki efstu deildar karla og kvenna samkvæmt ákvörðun formannafundar.
- f) Aðgönguskírteini L1 skal gefið út til þeirra leikmanna sem spila í 1. deild karla og kvenna og gildir skírteinið eingöngu á venjulega deildarleiki 1. deilda karla og kvenna samkvæmt ákvörðun formannafundar.

## 3. grein

### NOTKUN SKÍRTEINA

Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir réttihafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á hvern einstakling. Starfsmenn í miðasölu geta óskað eftir að einstaklingar með aðgönguskírteini sýni skilríki með mynd þegar aðgönguskírteini er framvísað.



Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

Þegar um bikarúrslit, leiki í úrslitakeppnum og landsleiki er að ræða getur KKÍ krafist þess að rétthafar skírteina sækji aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst á heimasíðu KKÍ sem og í tölvupósti til félaga KKÍ. Félög sem leika í úrslitakeppnum geta einnig í samráði við KKÍ fengið leyfi til að krefjast þess sama, það er að handhafar aðgönguskírteina, nálgist miða á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Þetta fyrirkomulag þarf að auglýsa **minnst þremur sólahringum fyrir viðkomandi leik** af félaginu sem og KKÍ.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik. Þann rétt þarf að nýta í síðasta lagi 24 klst. fyrir auglýstan leiktíma.

#### **4. grein** **ÚTGÁFA**

Skrifstofa KKÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KKÍ. Félög skulu senda skrifstofu KKÍ nafnalista fyrir 1. september.